

Hafnarfirði 28. júní 2017

Svör við fyrirspurnum frá fundi bæjarstjórnar 21/6 2017 vegna Suðurgötu 41.

- 1. Hver er ætlaður kostnaður við lágmarks endurbætur á því húsnæði St. Jósefsspítala þannig að hægt sé að taka húsnæðið í notkun í þeim tilgangi sem skilyrði eru sett um í kaupsamningi, þ.e. að húsnæðið verði nýtt undir opinbera þjónustu á vegum sveitarfélagsins?**

Strengingur verkfræðiþjónusta vann fyrir umhverfis- og skipulagsþjónustu fyrr á þessu ári frummat á ástandi Suðurgötu 41, áætlaður kostnaður á að koma húsnæðinu í stand fyrir svipaða starfsemi og var áður er um 225 milljónir króna.

- 2. Hver er áætlaður árlegur viðhaldskostnaður fasteignarinnar?**

Áætluð viðhaldsþörf Suðurgötu 41, miðað við að eignin sé komin í ágætt stand er um 3,7 milljónir króna á ári.

- 3. Hver er áætlaður árlegur rekstrarkostnaður fasteignarinnar?**

Ekki liggur fyrir hvaða starfsemi verður í eigninni en ef við tökum mið á meðalrekstrarkostnaði frá öðrum stofnunum bæjarins og meðalárferði þá má áætla að kostnaður vegna:

rafmagns verði	1 milljón króna
Hitakostnaður verði	1, 7 milljónir króna
Fasteignaskattur:	5.418.416 kr
Lóðarleiga 0 / eignarlóð	
Vatnsgjald :	431.467
Fráveitugjald :	801.546
<b>Samtals kr.</b>	<b>um 9,4 milljónir króna</b>

Annar rekstrarkostnaður er óviss, það er ræsting, öryggiskerfi og sorphirða.

**Með kveðju,**

**Sigurður Haraldsson**

**SVIÐSSTJÓRI UMHVERFIS- OG SKIPULAGSÞJÓNUSTU**